

# Velkomin(n) í samræmt könnunarpróf í íslensku fyrir 4. bekk 2016

Vinsamlegast svaraðu spurningunum eftir bestu getu. Þú getur fylgst með próftímanum efst í hægra horni prófheftisins. Athugaðu að prófið lokast sjálfkrafa að próftíma loknum.

Gangi þér vel.

## A - Texti

Fúli fór eldsnemma á fætur og ég elti hann fram. Hann fór beint út í geymslu og náði í alla hjólalása sem hann átti. Svo kom hann inn og við fórum saman fram í eldhús. Þar horfði ég á hann læsa öllum skápum vel og vandlega.

Hann klappaði mér á kollinn svo ég kreisti aftur augun því mér fannst mjög óþægilegt að fá klapp á kollinn. Það finnst öllum. Samt er alltaf verið að klappa hundum og krílum á kollinn.

Fúli var ánægður með sig. Hann glotti og hnippti í mig.

– Sjáðu, félagi, nú getur þú ekki komist í skápana nema þú kunnir talnaröðina á hjólalásunum. Og þú kannt hana ekki. Ónei, sagði hann rogginn.

Ég dillaði dindlinum til samþykkis. Mér fannst gaman að sjá Fúla svona ánægðan.

Eða hvað, sagði hann svo við Bestu þegar þau voru komin út. – Heldurðu að hann kunni talnaröðina á lásunum?

– Auðvitað ekki, svaraði Besta hlæjandi.

Þar með voru þau farin en nú vissi ég að þau mundu koma aftur. Þau gerðu það alltaf. Ég vissi líka að mér myndi leiðast. Ég gólaði dálítið en enginn kom. Þá reyndi ég að opna skápana en það gekk ekki. Hjólalásarnir sáu til þess. Ég ráfaði um og skimaði. Eitthvað hlyti ég að geta fundið mér til skemmtunar.

Þegar kvöldaði komu Fúli og Besta heim. Ég vaknaði við hljóðið í bílnum og heyrði í þeim við útihurðina. Fúli taldi upp að tíu á meðan ég heyrði Bestu mína hringla lyklunum við skráargatið. Ég beið spenntur fast upp við dyrnar. Ó, hvað það yrði gaman að sjá þau. Ég var búinn að vera svo ógurlega lengi aleinn. Þau opnuðu dyrnar varlega. Ég gelti eins hátt og ég gat, stökk hæð mína, sneri mér í hringi, elti á mér dindilinn og gólaði! Ég réð alls ekki við mig. Allt í kringum mig snjóaði hvítum flygsum. Loftið var á hreyfingu og ég hoppaði hæð mína og glefsaði út í loftið til að grípa flygsurnar.

Fúli veifaði hendinni til og frá og blés frá sér.

– Hvað er þetta? tautaði hann örmagna og lét sig falla ofan í sófann svo agnarsmáar hvítar fjaðrir þyrfluðust upp allt í kringum hann.

Nú áttaði ég mig á að hann var leiður. Ég hafði gert eitthvað slæmt. Fúli þurfti ekkert að æsa sig. Ég skellti bara stubbnum niður að fótum, lagði aftur eyrun og dreif mig í hundakörfuna. Besta kom út úr svefnherberginu með tvo tóma taupoka.

– Þetta VORU koddarnir okkar, sagði hún rólega.

Koddar, hugsaði ég. Heita þessir haugar sem ég var að slást við koddar?

– Ég get þetta ekki! andvarpaði Fúli og lokaði augunum.

– Hvaða vitleysa, sagði Besta mín og brosti.

– Hann er bara lítill ennpá. Þetta eldist af honum.

Ég horfði á þau til skiptis og fann hvað mér þótti ógurlega vænt um þau. Mikið var gott að fá þau heim.

## A - texti, spurningar

### 1. Af hverju fór Fúli eldsnemma á fætur?

- Hann var mikill morgunhani.
- Hann þurfti að leita að hjólalásnum.
- Hann ætlaði að læsa skápunum.

### 2. Hvernig sýndi hundurinn gleði sína?

- Hann gelti hástöfum.
- Hann veifaði skottinu.
- Hann velti sér á gólfinu.

### 3. Þegar Besta og Fúli voru farin varð hundurinn \_\_\_\_? \_\_\_\_.

- einmana
- eirðarlaus
- forvitinn

### 4. „Ég ráfaði um og skimaði...“

#### Hvað þýðir undirstrikaða orðið?

- horfði
- lagðist
- þefaði

**5. Hvernig vissi hundurinn hverjir voru að koma heim?**

- Fólkið kom alltaf heim á sama tíma.
- Hann fann lyktina af fólkinu langa leið.
- Hann tengdi ákveðin hljóð við komu fólksins.

**6. Þegar Besta og Fúli komu heim \_\_\_\_? \_\_\_\_.**

- fékk hundurinn matinn sinn
- missti hundurinn stjórn á sér
- snáfaði hundurinn í körfuna sína

**7. Hvers vegna var Fúli örmagna?**

- Hann hafði verið svo lengi í vinnunni.
- Hann var að gefast upp á hundinum.
- Hann vissi að Besta vildi losna við hundinn.

**8. Á meðan Besta og Fúli voru að heiman hafði hundurinn \_\_\_\_? \_\_\_\_.**

- beðið rólegur
- legið í körfunni
- nagað koddana

**9. Hvað átti að eldast af hundinum?**

- galtið
- hoppin
- lætin

**10. Hver er Fúli í sögunni?**

- hundurinn
- karlinn
- konan

**11. „Þau opnuðu dyrnar varlega.“ Hvar er orðunum raðað rétt í stafrófsröð?**

- dyrnar – opnuðu – varlega – þau
- dyrnar – varlega – opnuðu – þau
- opnuðu – dyrnar – þau – varlega
- varlega – opnuðu – dyrnar – þau

12. „Hundinum fannst óþægilegt að fá klapp á kollinn.“

**Hvert þessara orða er andheiti undirstrikaða orðsins?**

Andheiti eru orð sem hafa gagnstæða merkingu (dæmi: ljós – myrkur).

- kitlandi
- notalegt
- spennandi
- vandræðalegt

13. **Fúli var rogginn en stelpur geta verið \_\_\_?\_\_\_.**

- roggaðar
- rogginn
- rogginar
- rognar

14. **Hvert þessara orða er í kvenkyni? (hún)**

- eyra
- fjöður
- haugur
- lykill

15. **Hundinum þykir \_\_\_?\_\_\_ um Fúla og Bestu en um hundakörfuna.**

- vænara
- vænna
- vænst
- vænt

## B - Texti

Evrópumenn töldu lengi vel að Evrópa væri miðja alheimsins og jafnvel að aðrar heimsálfur en Evrópa, Afríka og Asía væru ekki til auk þess sem þeir héldu að jörðin væri flöt eins og pönnukaka. Mikið var um verslun milli landsvæða og oft um langan veg að fara.

Vegna stríðsátaka þurfti hins vegar að finna aðra leið fyrir dýrmætan varning eins og krydd og silki frá Austurlöndum fjær til Evrópu. Þess vegna héldu verslunarskip í langa leiðangra. Kristófer Kólumbus ætlaði sér að finna siglingaleið til Indlands, en hún byggðist á þeirri trú að jörðin væri kringlótt.

Hann fékk áheyrn hjá drottningu Spánar, Ísabellu af Kastilíu, og bað hana um að fjármagna ferðina. Hún tók treglega í beiðni hans en ákvað loks að slá til. Hann lagði af stað á þremur skipum frá spænska hafnarbænum Palos. Eftir um tveggja mánaða siglingu tók hann land á eyju í Mexíkó-flóa og skírði hana San Salvador. Þetta gerðist 12. október 1492 og taldi hann þá að siglingaleiðin til Indlands væri fundin.

Kólumbus var þess fullviss að hann hefði komist til Indlands og fór í fleiri leiðangra til þess að staðfesta það. En vegna þessa misskilnings Kólumbusar voru frumbyggjar Ameríku nefndir Indíánar, sem þýðir íbúar Indlands. En frumbyggjar eru þeir kallaðir sem bjuggu í landinu áður en Evrópubúar komu þangað.

Kólumbus lést áður en hann komst að því að hann hefði fundið nýtt land en ekki siglingaleiðina til Indlands.

Það var hins vegar Amerigo Vespucci, sem áttaði sig á því að þetta var ekki Indland, heldur áður óþekkt heimsálfa. Nýja heimsálfan var skírð Ameríka honum til heiðurs.

Þeir Kólumbus og Vespucci voru þó ekki fyrstir Evrópumanna til að nema þarna land. Því sögur herma að fimm hundruð árum áður en Kólumbus var á ferð í Ameríku, hafi Leifur heppni komið þangað og nefnt landið Vínland hið góða. Hann sigldi hins vegar á brott og Ameríka féll í gleyskunnar dá.

Sá sem fann sjóleiðina til Indlands (sem Kólumbus hélt að hann hefði fundið) var maður að nafni Vasco da Gama. Þar með færðust mörk hins þekkta heims og tími siglinga og landvinninga fór í hönd.

## B - texti, spurningar

16. Hvers vegna þurfti að finna nýja leið til Austurlanda?

- Gamla leiðin var of löng.
- Ísabella drottning bað um það.
- Stríð geisaði á gömlu leiðinni.

17. Til hvers fóru Evrópumenn í langar ferðir á tímum Kólumbusar?

- Til að flytja vörur til Evrópu.
- Til að prófa nýju skipin sín.
- Þeir þekktu ekki stystu leiðina.

18. Hugmynd Kólumbusar um nýja leið byggðist á \_\_\_?\_\_\_.

- frásögnum frægra ferðalanga
- kenningum um lögun jarðarinnar
- löngun hans til að breyta til

19. Í hvaða tilgangi fór Kólumbus á fund drottningar?

- Hann vildi segja henni frá ferðinni.
- Hún hafði lýst áhuga á að slást í förina.
- Til að biðja hana um að styrkja ferðina.

20. Frá hvaða landi lagði Kólumbus af stað í leiðangurinn?

- Indlandi
- Mexíkó
- Spáni

21. Frumbyggjar Ameríku nefnast indíánar \_\_\_?\_\_\_.

- eftir þeim sem fann landið
- til heiðurs Kólumbusi
- vegna misskilnings Kólumbusar

22. Hvað var það sem Vespucci áttaði sig á að hefði fundist?

- ný heimsálfa
- ný siglingaleið til Indlands
- nýir frumbyggjar

23. Kólumbus taldi sig hafa \_\_\_?\_\_\_.

- fundið nýja heimsálfu
- komist til Indlands
- uppgötvað nýja frumbyggja

24. Hver komst fyrstur sjóleiðina til Indlands?

- Amerigo Vespucci
- Kristófer Kólumbus
- Vasco da Gama

25. Textinn segir frá því hvernig menn \_\_\_?\_\_\_ Ameríku.

- bjuggu í
- ferðuðust til
- fundu

26. Kólumbus „fór í fleiri leiðangra ...“

**Hvert er andheiti orðsins „fleiri“?**

Andheiti eru orð sem hafa gagnstæða merkingu (dæmi: ljós – myrkur).

- færri
- meiri
- minni
- stærri

27. „...sem þýðir íbúar Indlands.“

**Hvernig er undirstrikaða orðið í eintölu?**

- íbú
- íbúa
- íbúar
- íbúi



28. „Hún tók treglega í beiðni hans.“

**Finndu samheiti undirstrikaða orðsins.**

Samheiti eru orð sem hafa sömu merkingu  
(dæmi: faðir = pabbi).

- ekki
- fúslega
- seint
- vel

29. „... heldur áður óþekkt heimsálfa.“

**Orðið heimsálfa er samsett úr orðunum \_\_\_?\_\_\_.**

- heima og álfa
- heimar og álfa
- heimir og álfa
- heimur og álfa

30. Evrópumenn töldu lengi vel að jörðin væri flöt en nú vitum við að heimurinn er ekki \_\_\_?\_\_\_.

- flati
- flatur
- flöt
- flötur

## C - Texti

Lóa hleypur eins hratt og hún getur. Hún er bráðlega orðin blaut af regni og andlitið er vott af tárur sem leka endalaust úr augunum.

Hvers vegna er ekki hægt að fara aftur í tímann og breyta því sem er að gerast? Þá skyldi hún ekki stríða Búa. Hún skyldi ekki minnast á það einu orði að hann sé hræddur við að fara langt inn í hellinn.

Ef þau finna Búa ætlar hún aldrei að stríða honum framar.

En ef hann finnst nú ekki. Ef hann á eftir að ráfa þarna dag eftir dag, svangur og kaldur, aleinn og hræddur og og og ...

Tárin blinda hana svo að hún rekst á stein og steypist niður í laut.

Hún ætlar ekki að hugsa um þetta. Hún er komin að tjöldum karlanna og gáir inn í þau en þar er enginn. Þá er að halda áfram að tjaldinu þeirra. Hún er orðin lafmóð en áfram skal hún.

- Lóa!

Hún nemur snöggst staðar. Er hana að dreyma? Var ekki verið að kalla í hana? Hún litast um og sér að kjarrinu er ýtt til hliðar. Höfuð gægist út.

- Búi, Búi! Hún æpir af gleði og hendist til hans.

- Hvernig gastu komist út úr hellinum?

- Hafðu ekki svona hátt, hvíslar Búi. Ætli karlarnir séu í tjöldunum?

- Nei, nei, ég kíkti í þau og þar var enginn. Af hverju ertu að hugsa um þá núna?

- Af því að ég fann dálítið inni í hellinum sem ég held að þeir eigi. Og ef þeir eiga það þá eru þeir þjófar.

- Í alvöru! Lóa hoppar af æsingi.

- Nú skil ég hvers vegna þeir vildu helst ekki láta okkur tjalda herna nálægt. Komdu, ég skal sýna þér það sem ég fann.

Það fer hrollur um Lóu. Hana langar ekki niður í Valahelli aftur.

- Við skulum sækja Hróa, segir hún. Hann bíður við hitt opið og ég veit að honum líður illa af því að hann heldur að þú sért enn að villast.

- Á ég ekki að sækja hann, mér sýnist þú vera svo þreytt og móð.

- Já, ég hljóp eins hratt og ég gat og þetta er býsna löng leið.

- Þá skaltu fela þig hér á meðan ég hleyp. En láttu karlana ekki sjá þig. Þeir yrðu víst heldur fúlir ef þeir vissu að við værum búin að finna þetta op og það sem þeir geyma inni í hellinum.

- En þarftu ekki að hringja og láta Bjarna löggu vita? spyr Lóa.

- Ég geri það á eftir. Mig langar að sýna ykkur það fyrst. Búi hleypur af stað.

Lóa skriður inn í kjarrið. Hún vill frekar bíða úti, þó að rigni en að vera ein í hellinum. Hún er svo glöð að Búi skuli vera kominn aftur að henni er alveg sama um veður og vinda.

Búi er léttur í spori.

Þó var heppni að ég skyldi villast, annars hefði ég ekki fundið það sem ég fann, hugsar hann.

Þegar hann nálgast hitt opið heyrir hann mikinn og falskan söng. Búi tekur undir og hoppar niður opið.

Hrói snýst á hæli og æpir: - Búi, ert þetta þú! Ertu lifandi?

Búi hlær og segir honum hvað hafi gerst. Hann segir honum frá hinu opinu og að þar hafi hann fundið nokkuð sem þau þurfi að skoða.

Hrói roðnar af æsingi. – Já, við skulum koma strax. Feginn er ég að sleppa héðan út.

## C - texti, spurningar

**31. Í upphafi textans er Lóa \_\_\_?\_\_\_.**

- döpur
- forvitin
- spennt

**32. Hvers vegna vill Lóa breyta því sem liðið er?**

- Hana langar að standa sig betur.
- Hana langar til að losna úr klípunni.
- Hún sér eftir framkomu sinni.

33. „Ef hann á eftir að ráfa þarna ...“

**Hvert er samheiti orðsins „ráfa“?**

Samheiti eru orð sem hafa sömu merkingu  
(dæmi: faðir = pabbi).

- hlaupa
- renna
- röltu

34. „Hún nemur snögg staðar.“

**Hvað merkja undirstrikuðu orðin?**

- hoppar
- snýr við
- stoppar

35. **Hvað vildi Búi fá að vita þegar hann hitti Lóu?**

- Hvar hinir krakkarnir væru.
- Hvar karlarnir héldu sig.
- Hvar Lóa hefði verið.

36. **Hvers vegna fór hrollur um Lóu?**

- Henni var kalt í rigningunni.
- Hún óttaðist hellinn.
- Hún var hrædd við Búa.

37. **Af hverju vill Lóa sækja Hróa?**

- Hún heldur að hann sé líka týndur.
- Hún veit að hann getur hjálpað.
- Hún vill láta vita að Búi sé fundinn.

38. **Búi hélt að karlarnir gætu verið óánægðir vegna þess að \_\_\_?\_\_\_.**

- engir aðrir vissu um leyniopið
- þeim væri illa við börn
- þeir hefðu eitthvað að fela

### 39. Hvernig fannst Hrói?

- Búi heyrði í honum.
- Hrói komst sjálfur til baka.
- Lóa benti Búa á hann.

### 40. Hvað sagði Búi við Hróa?

- Að fleira sé í hellinum en þau héldu.
- Að hann hafi hringt í lögregluna.
- Að hann hafi skilið Lóu eftir.

### 41. Hvers vegna roðnar Hrói?

- Hann er feiminn.
- Hann er hræddur.
- Hann er spenntur.

### 42. Í hvaða röð gerist þetta í sögunni?

- A. Hana langar ekki niður í Valahelli aftur.
- B. Hún ætlar ekki að hugsa um þetta.
- C. - Komdu, ég skal sýna þér það sem ég fann.
- D. - Þá skaltu fela þig á meðan ég hleyp.

- ABCD
- BCAD
- CDAB
- DCBA

